

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 14

Dags. 26.2.2007

#### **14. Fundur í félagsmálanefnd Þingeyjarsveitar haldinn 26. feb. 2007**

Fundur settur kl. 16:00

Mætt voru undirrituð, Hólmfríður Eiríksdóttir, Jón Þ. Óskarsson, Þórsteinn R. Þórsteinsson, Hlöðver P. Hlöðversson og Arnór Benónýsson sem ritaði fundargerð.

##### **1. Erindi frá félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit um fjárstyrk til sumarferðar.**

Formaður fór yfir bréf frá Aðalbjörgu Pálsdóttur formanni félags eldri borgara í Þingeyjarsveit þar sem óskað er eftir fjárstyrk til sumarferðar félagsins.

Samþykkt að veita styrk til starfsemi félags eldri borgara í Þingeyjarsveit kr. 200.000

##### **2. Ráðgjafasamningur um félagsþjónustu milli Þingeyjarsveitar og Akureyrarbæjar.**

Jón Óskarsson fór yfir málið og gerði grein fyrir símtali sínu við deildarstjóra fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. En samningur um að veita ráðgjafþjónustu í heilsugæslumdæmi Akureyrar frá 25. febrúar 2005 féll úr gildi 31. des. 2006.

Nokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt að beina því til sveitarstjórnar að taka upp viðræður við Akureyrarbæ um endurnýjun samningsins. Hlöðver sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

##### **3. Opíð hús eldri borgara í Þingeyjarsveit**

Samþykkt að Formaður nefndarinnar hafi samband við umsjónarkonur Opins húss eldri borgara og geri þeim grein fyrir þeim umræðum sem áttu sér stað á fundi með stjórn félags eldri borgara í Þingeyjarsveit á Fosshóli 4. des s.l.

##### **4. Félagsmiðstöðvar barna og unglinga.**

Nefndin bendir á samþykkt sína frá fundi 16. janúar og beinir því til sveitarstjórnar að skoða fyrirkomulag þessara mála í sveitarfélaginu.

##### **5. Önnur mál**

Gréta Ásgeirsdóttir mætti á fundinn samkvæmt beiðni nefndarinnar til að ræða málefni bókasafna sveitarfélagsins. Fram komu hjá Grétu mjög gagnlegar upplýsingar og ákvað nefndin í framhaldinu að kanna möguleika á því að auka nýtingu og þjónustu safnanna við íbúa sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 18:30

Hólmfríður Eiríksdóttir  
Hlöðver P. Hlöðversson  
Jón Þ. Óskarsson  
Arnór Benónýsson  
Þórsteinn R. Þórsteinsson